

**3182. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
26. maí 2016 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg þ.  
Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Rakel  
Óskarsdóttir varamaður, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur  
Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1602030 - Fundargerðir 2016 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**

135. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 9. maí 2016.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**2. 1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016**

675. mál um lög um grunnskóla.

*Lagt fram.*

**3. 1506116 - Ferðamál á Akranesi**

Fulltrúar gisti- og veitingastaða koma á fund bæjarráðs að ræða um  
ferðapjónustu á Akranesi.

*Bæjarráð þakkar gestunum kærlega fyrir komuna og uppbyggilegar umræður um  
ferðapjónustu á Akranesi.*

**4. 1511182 - Höfði - fjárhagsáætlun 2016**

Yfirlit yfir stöðu launa og lífeyrisskuldbindingar Höfða, hjúkrunar og dvalarheimilis  
á Akranesi.

Kjartan Kjartansson forstöðumaður Höfða og Kristjána Ólafsdóttir formaður  
stjórnar Höfða taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar stjórnendum Höfða fyrir gagnlegar upplýsingar og umræður.*

*Það er ljóst að ekki verður lengur við það búið að reka hjúkrunarheimili með  
þeim tekjumstofnum sem heimilunum eru ákvörðuð af ríkinu né geta þau staðið  
undir þeim lífeyrisskuldbindingum sem hjúkrunarheimili með sveitarfélagaábyrgð  
búa við.*

**5. 1410218 - Krókalón - fyrirspurn vegna bóta**

Bæjarráð vísaði á fundi sínum þann 12. maí afgreiðslu á erindi Lögmanns  
Laugardals á næsta fund bæjarráðs þann 26. maí.

Ivar Pálsson hrl. tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð vísar til fyrri ákvörðunar í málinu sbr. fund bæjarráðs frá 10. mars  
síðastliðnum og felur bæjarstjóra að áréttu það með formlegu svari til Lögmanns  
Laugardal.*

**6. 1601415 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2016**

Þriggja mánaða uppgjör Akraneskaupstaðar frá 1. janúar til 31. mars lagt fram.

*Lagt fram.*

**7. 1605142 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2016**

Viðauki við fjárhagsáætlun 2016 lagður fram til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra um hækkun á áætluðum staðgreiðslutekjum um kr. 84.258.653 og ráðstöfun þeirra til að mæta auknum launaúgjöldum vegna kjarasamninga.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka númer 1 vegna ársins 2016 og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.*

**8. 1604198 - Tjaldsvæði Akraness 2016**

Beiðni um fjárfestingu í nýjum leiktækjum fyrir Tjaldsvæðið í Kalmansvík.

*Bæjarráð samþykkir kaup á nýjum leiktækjum fyrir tjaldsvæði Akraneskaupstaðar í Kalmansvík.*

*Fjárhæðin, samtals kr. 2.000.000 telst fjárfesting.*

**9. 1403167 - Mannauðsstefna Akraneskaupstaðar**

Óskað er eftir samþykkti bæjarráðs á Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar ásamt breytingartillögum.

*Bæjarráð samþykkir Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar og vísar henni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa innleiðingaráætlun fyrir stefnuna og leggja fyrir bæjarráð.*

**10. 1603149 - Sementsreitur - framtíðaruppgbygging**

Leigusamningur Akraneskaupstaðar og Sementsverksmiðjunar.

*Bæjarráð telur mikilvægt að undirbúnin gengi uppbyggingsar á Sementsreitnum geti hafist sem fyrst og felur bæjarstjóra að segja upp hluta leigusamnings dags. 27. desember 2013, milli Akraneskaupstaðar og Sementsverksmiðjunnar ehf. vegna Faxabrautar 11A. Nánar tiltekið er um að ræða rými I, II, III og V samkvæmt samningnum.*

**11. 1605149 - Samningur við KFÍA vegna auglýsingaskiltis á Akranesvelli**

Beiðni KFÍA um samning til þriggja ára vegna auglýsingaskiltis Akraneskaupstaðar á Akranesvelli.

*Bæjarráð samþykkir beiðni KFÍA og felur bæjarstjóra að ganga frá samningi þar að lútandi.*

*Fjárhæðinni, samtals kr. 500.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.*

**12. 1603152 - Samstarf vegna vinabæjarmóts á Akranesi 2017**

Samstarf Akraneskaupstaðar og Norræna félagsins á Akranesi vegna vinabæjarmóts árið 2017.

*Bæjarráð tekur vel í erindið en setur fyrirvara við fyrirhugaða dagsetningu vinarbæjarmótsins vegna Norðurálsmótsins 2017.*

**13. 1605125 - Garðabraut 1 - húseign K.F.U.M. og K**

Erindi KFUM og K á Akranesi þar sem óskað er eftir að fasteignagjöld sem eru komin í innheimtu og þau sem eiga eftir að koma til gjalddaga verði fryst án vaxta þar til eignin á Garðabraut 1 selst. Hins vegar er óskað eftir að Akraneskaupstaður kaipi fasteignina að Garðabraut 1 til ráðstöfunar í framtíðarskipulagi.

*Bæjarráð hafnar kaupum á fasteigninni að Garðabraut en felur bæjarstjóra úrvinnslu varðandi lögveðsgjöld KFUM og K í samræmi við umræður á fundinum.*

**14. 1605131 - Álmskógar 2-4 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Grenja ehf. um byggingarlóð við Álmskóga 2-4.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðar við Álmskóga 2-4 til Grenja ehf.*

**15. 1605148 - SSV - vinnuhópur um málefni fatlaðra**

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi óska eftir fulltrúa frá Akraneskaupstað í vinnuhóp um Málefni fatlaðra á Vesturlandi.

*Bæjarráð tilnefnir Jón Hróa Finnsson sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasvið í vinnuhópinn.*

**16. 1603113 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - Tilkynning um úrskurð**

Erindi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands þar sem m.a. er vakin athygli á nýlegum úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna álagðra sorpgjál达 á Akranesi. Óskað er eftir að sveitarstjórnir sendi heilbrigðisnefnd breytingar á gjaldskrám eða samþykktum með góðum fyrirvara.

*Lagt fram.*

**17. 1605126 - Garðakaffi, Byggðasafninu í Görðum - rekstrarleyfi**

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar vegna umsóknar Garðakaffi. um rekstrarleyfi flokki II, kaffihús, sem reka á að Görðum, Akranesi.

*Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

**18. 1605147 - Domino"s Smiðjuvöllum 32 - rekstrarleyfi**

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar vegna umsóknar Domino's. um rekstrarleyfi í flokki I, veislubjónusta og veitingaverslun, sem rekið er að Smiðjuvöllum 32, Akranesi.


Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

**19. 1605107 - Faxaflóahafnir - útblástur skipa og landtengingar**

Minnisblað hafnarstjóra Faxaflóahafna um útblástur skipa og landtengingar, dags. 27. apríl 2016.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:10.**



The image shows several handwritten signatures in blue ink. From top to bottom, the names visible are:

- Ólafur Ólafsson
- Rakel Ómarsdóttir
- Vilborg P. Guðmártsdóttir
- Fuglþórg Þórhallsdóttir
- Fuglþórg Valdimarsdóttir
- Steiner K. Ólafsson
- Regina Ásvaldsdóttir